Samningsaðilarnir skulu samþykkja bókun þessa samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig. Skal hún ganga í gildi 1. mars 1986 að því tilskildu að samningsaðilarnir hafi fyrir þann tíma tilkynnt hvor öðrum að hún hafi hlotið þá meðferð sem nauðsynleg er til að svo megi verða. Eftir þetta tímamark skal bókunin ganga í gildi á fyrsta degi annars mánaðar, talið frá þessari tilkynningu.

6. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti, á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku, og eru allir þessir textar jafngildir.

Gjört í Brussel fjórtánda dag júlí árið nítján hundruð áttatíu og sex.

AUGLÝSING

um samkomulag við Efnahagsbandalag Evrópu varðandi aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem samningur við Efnahagsbandalag Evrópu nær ekki til.

Hinn 14. júlí 1986 var undirritað í Brussel samkomulag í formi erindaskipta milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu varðandi aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem samningur frá 22. júlí 1972 milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu nær ekki til, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1973. Samkomulagið var gert í tengslum við viðbótarbókun við samninginn vegna aðildar Spánar og Portúgals að bandalaginu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1986.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. desember 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

í formi erindaskipta milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu varðandi aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem samningurinn nær ekki til.

A. Erindi frá bandalaginu

Herra,

Bruxelles, 14. júlí 1986

Ég leyfi mér að vísa til viðbótarbókunar við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu, sem undirritað var í dag, og til samningaviðræðna sem fram hafa farið milli bandalagsins og lýðveldisins Íslands um þær tollaáðlögunarreglur sem gilda skuli í viðskiptum milli Spánar og Portúgals annars vegar og Íslands hins vegar um aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem ofangreindur samningur nær ekki til.

Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í I. og II. viðauka staðfesti ég hér með að konungsríkið Spánn og lýðveldið Portúgal munu í áföngum fella niður mismuninn sem er fyrir hendi milli grunntollsins, eins og hann er skilgreindur samkvæmt 4. og 10. gr. viðbótarbókunnarinnar, og sameiginlegu tollskrárinnar þannig að 1. janúar 1993 verði náð þeim tolli sem kveðið er á um í tollskránni. Á Spáni skal þessi niðurfelling fara fram í áföngum sem hver um sig nemur 10%, 12,5%, 15%, 15%, 12,5%, 12,5%, 12,5% og 10%. Í Portúgal skal niðurfellingin fara fram í áföngum sem hver um sig nemur 10%, 10%, 15%, 15%, 10%, 10%, 15% og 15%.

Að því er varðar tollskrárnúmer þar sem grunntollarnir eru innan við 15% hærri eða lægri en tollarnir í sameiginlegu tollskránni eða samræmdri tollskrá Kola- og stálbandalags Evrópu skal konungsríkið Spánn frá 1. mars 1986 leggja síðarnefndu tollana á.

Frá 1. mars 1986 skal lýðveldið Portúgal leggja á toll sem minnkar um 10% mismuninn milli grunntollsins og tollsins í sameiginlegu tollskránni. Að því er varðar tollskrárnúmer þar sem grunntollarnir eru innan við 15% hærri eða lægri en tollarnir í sameiginlegu tollskránni

eða samræmdri tollskrá Kola- og stálbandalags Evrópu skal Portúgal frá 1. janúar 1987 leggja síðarnefndu tollana á.

Lýðveldið Ísland mun gera hið sama að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í III. viðauka og upprunnar eru í Portúgal þannig að 1. janúar 1993 verði náð þeim tolli sem kveðið er á um í íslensku tollskránni.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja erindaskipti þessi samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig.

Ég væri þakklátur ef þér vilduð staðfesta að ríkisstjórn lýðveldisins Íslands sé samþykk ofangreindu.

Ég votta yður, herra, sérstaka virðingu mína.

Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna

David Hannay

G. Giola

B. Erindi frá Íslandi

Herra,

Bruxelles, 14. júlí 1986

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku á erindi yðar, dagsettu í dag, sem hljóðar svo:

„Ég leyfi mér að vísa til viðbótarbókunar við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands vegna aðildar konungsríkisins Spánnar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu, sem undirrituð var í dag, og til samningaviðræðna sem fram hafa farið milli bandalagsins og lýðveldisins Íslands um þær tollaáðlögunarreglur sem gilda skuli í viðskiptum milli Spánnar og Portúgals annars vegar og Íslands hins vegar um aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem ofangreindur samningur nær ekki til.

Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í I. og II. viðauka staðfesti ég hér með að konungsríkið Spánn og lýðveldið Portúgal munu í áföngum fella niður mismuninn sem er fyrir hendi milli grunntollsins, eins og hann er skilgreindur samkvæmt 4. og 10. gr. viðbótarbókunarinnar, og sameiginlegu tollskrárinnar þannig að 1. janúar 1993 verði náð þeim tolli sem kveðið er á um í tollskránni. Á Spáni skal þessi niðurfelling fara fram í áföngum sem hver um sig nemur 10%, 12,5%, 15%, 15%, 12,5%, 12,5%, 12,5% og 10%. Í Portúgal skal niðurfellingin fara fram í áföngum sem hver um sig nemur 10%, 10%, 15%, 15%, 10%, 10%, 15% og 15%.

Að því er varðar tollskrárnúmer þar sem grunntollarnir eru innan við 15% hærri eða lægri en tollarnir í sameiginlegu tollskránni eða samræmdri tollskrá Kola- og stálbandalags Evrópu skal konungsríkið Spánn frá 1. mars 1986 leggja síðarnefndu tollana á.

Frá 1. mars 1986 skal lýðveldið Portúgal leggja á toll sem minnkar um 10% mismuninn milli grunntollsins og tollsins í sameiginlegu tollskránni. Að því er varðar tollskrárnúmer þar sem grunntollarnir eru innan við 15% hærri eða lægri en tollarnir í sameiginlegu tollskránni eða samræmdri tollskrá Kola- og stálbandalags Evrópu skal Portúgal frá 1. janúar 1987 leggja síðarnefndu tollana á.

Lýðveldið Ísland mun gera hið sama að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í III. viðauka og upprunnar eru í Portúgal þannig að 1. janúar 1993 verði náð þeim tolli sem kveðið er á um í íslensku tollskránni.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja erindaskipti þessi samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn mín er samþykk efni erindis yðar.

Ég votta yður, herra, sérstaka virðingu mína.

Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands

Tómas Á. Tómasson

I. viðauki.**SPÁNN**

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
21.05	Súpur og seyði, fljótandi, í föstu formi eða sem duft; jafnblönduð samsett matvæli: B. Jafnblönduð samsett matvæli
21.06	Náttúrulegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft: C. Tilreitt bökunarduft
21.07	Aðrar fæðutegundir, ótaldar annars staðar: G. Annað: I. Sem inniheldur enga mjólkurfitu eða minna en 1,5% af slíkri fitu miðað við þyngd: a) Sem inniheldur engan sakkarósa eða minna en 5% af sakkarósa miðað við þyngd (þar með taldar einsykrur sem teljast með sakkarósa) úr 1. Sem inniheldur enga sterkju eða minna en 5% af sterkju miðað við þyngd: — Fæðutegundir sem koma í staðinn fyrir mennska mjólk og notaðar eru við meðferð á breytingum efnaskipta í ungbörnum, svo og vissar aðrar fæðutegundir

II. viðauki.**PORTÚGAL**

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
05.03	Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag eða á milli laga, úr öðrum efnum:
05.07	<p>B. Annað</p> <p>Hamir og aðrir hlutar af fuglum með áfóstum fjöðrum eða dúnn, fjadrir og hlutar af fjöðrum (hvort heldur jadrarnir hafa verið jafnaðir eða ekki) og dúnn, ekki frekar unnid en hreinsað, sóttahreinsað eða frágengið til geymslu; duft, fjadraúrgangur eða hlutar af fjöðrum</p> <p>A. Sængurfjadrir; dúnn:</p> <p>II. Annað:</p> <p>B. Annað</p>
05.13	<p>Svampar, náttúrlegir:</p> <p>B. Annað</p>
13.02	<p>Skellakk, kornlakk, staflakk og önnur jurtalökk, kolvetnisgúmmi úr jurtaríkinu; náttúrlegir harpixar, gúmmiharpixar og balsöm:</p> <p>A. Barrviðarharpixar</p>
13.03	<p>Jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar-agar og önnur plöntuslím og hleypiefni unnin úr efnum úr jurtaríkinu:</p> <p>A. Jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu:</p> <p>III. Úr quassia amara</p> <p>IV. Úr lakkris</p> <p>V. Úr prestaffili og rótum plantna sem í er rótenón</p> <p>VI. Úr humli</p> <p>VII. Blöndur jurtaextrakta, til framleiðslu á drykkjarvörum eða til matvælaframleiðslu</p> <p>VIII. Annað:</p> <p>a) Til lækninga</p> <p>B. Pektínefni, pektínöt og pektöt:</p> <p>úr I. Purркуð:</p> <p>— Þó ekki pektínefni</p> <p>úr II. Annað:</p> <p>— Þó ekki pektínefni</p> <p>C. Agar-agar og önnur plöntuslím og hleypiefni unnin úr efnum úr jurtaríkinu:</p> <p>I. Agar-agar</p> <p>II. Plöntuslím og hleypiefni unnin úr lokustbaunum eða lokustbaunafræjum</p>
14.01	<p>Jurtaefni aðallega notuð til körfugerðar og annars fléttiðnaðar, svo sem hreinsaður, bleiktur eða litaður hálmur, víðigreinar, reyr, sef, spanskreyr, bambus, raffiabast og lindibast:</p> <p>A. Víðigreinar:</p> <p>II. Annað:</p> <p>B. Hálmur, hreinsaður, litaður eða bleiktur</p>
15.05	Ullarfeiti, bleitiefni unnin úr henni (hér með talið lanólín)
15.06	Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti og úrgangsefnafeiti)
15.08	Olía úr jurta- og dýraríkinu, soðin, oxyderuð, vatnssneydd (dehydrated), meðhöndluð með brennisteini, blásin, pólýmeriseruð eða umbreytt með öðrum hætti

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
15.10	Feitisýrur; súr olía frá feitihreinsun; feitialkóhól: A. Sterínsýra B. Olíusýra úr C. Aðrar feitisýrur súr olía frá feitihreinsun: — Þó ekki vörur unnar úr furuviði, með feitisýruinnihaldi 90% eða meira miðað við þyngd D. Feitialkóhól
15.11	Glyseról, glyserólvatn og glyseróllútur
15.15	Hvalraf (spermacet), hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað; býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað: A. Hvalraf, hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað B. Býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað: II. Annað:
15.16	Vax úr jurtaríkinu, einnig litað: B. Annað
15.17	Degras; leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- eða dýraríkinu: A. Degras
18.03	Kakaódeig (þar með talið kakaódeig í stykkjum), einnig þótt feitin hafi verið dregin úr því
18.04	Kakaósmjör (feiti eða olía)
18.05	Kakaóduft, ósykrað
21.02	Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté og vörur framleiddar úr þessum efnum; brenndar síkoriurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim: A. Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi og vörur framleiddar úr þessum efnum B. Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða maté og vörur framleiddar úr þessum efnum C. Brenndar síkoriurætur og annað brennt kaffilíki: I. Brenndar síkoriurætur D. Extraktar, kjarnar og seyði úr brenndum síkoriurótum og öðru brenndu kaffilíki: I. Úr brenndum síkoriurótum
21.03	Sinnepsmjöl og lagað sinnep
21.05	Súpur og seyði, fljótandi, í föstu formi eða sem duft; jafnblönduð samsett matvæli: B. Jafnblönduð samsett matvæli
21.06	Náttúrlegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft: A. Virkt náttúrlegt ger: I. Ræktað ger III. Annað: C. Tilreitt bökunarduft
21.07	Aðrar fæðutegundir, ótaldar annars staðar: G. Annað: I. Sem inniheldur enga mjólkurfitu eða minna en 1,5% af slíkri fitu miðað við þyngd: a) Sem inniheldur engan sakkarósa eða minna en 5% af sakkarósa miðað við þyngd (þar með taldar einsykrur sem teljast með sakkarósa): úr 1. Sem inniheldur enga sterkju eða minna en 5% af sterkju miðað við þyngd: — Þó ekki kolvetnishýdrólýsöt og gerautólýsöt
22.01	Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór: A. Ölkelduvatn, náttúrlegt og tilbúið; vatn eða kolsýru
22.02	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjar- vörur, þó ekki ávaxta- og grænmetisaffi er telst til nr. 20.07: úr A. Sem ekki innihalda mjólk eða mjólkurfitu: — Sem ekki innihalda sykur (sakkarósa eða einsykrur)

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
22.08	<p>Etanól (etylalkóhól) ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli; mengað etanól sérhvers styrkleika:</p> <p>úr A. Mengað etanól, sérhvers styrkleika:</p> <p>— Þó ekki unnið úr landbúnaðarafurðum sem skráðar eru í II. viðauka við EBE-samninginn</p> <p>úr B. Etanól ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli:</p> <p>— Þó ekki unnið úr landbúnaðarafurðum sem skráðar eru í II. viðauka við EBE-samninginn</p>
22.09	<p>Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; brennivín og aðrir áfengir drykkir; sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum:</p> <p>A. Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli, í umbúðum sem taka:</p> <p>úr I. Tvo lítra eða minna:</p> <p>— Þó ekki unnið úr landbúnaðarafurðum sem skráðar eru í II. viðauka við EBE-samninginn</p> <p>úr II. Meira en tvo lítra:</p> <p>— Þó ekki unnið úr landbúnaðarafurðum sem skráðar eru í II. viðauka við EBE-samninginn</p> <p>B. Sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum:</p> <p>II. Annað</p> <p>C. Áfengir drykkir:</p> <p>I. Romm, arrack og tafia</p> <p>II. Gin</p> <p>III. Whisky</p> <p>IV. Vodka með áfengismagni 45,4% eða minna að rúmmáli og plómu-, peru- og kirsuberjabrennivín (þó ekki líkjörar)</p> <p>V. Annað í umbúðum sem taka:</p> <p>úr a) Tvo lítra eða minna:</p> <p>— Þó ekki þeir sem innihalda egg eða eggjarauðu og/eða sykur (sakkarósa eða einsykrur)</p> <p>úr b) Meira en tvo lítra:</p> <p>— Þó ekki þeir sem innihalda egg eða eggjarauðu og/eða sykur (sakkarósa eða einsykrur)</p>
24.02	Tóbak, unnið; tóbakssósa og tóbaksextrakt

III. viðauki.**PORTÚGAL**

Númer í íslensku tollskránni	Vörulýsing
05.04.00	Parmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum
05.15.00	Afurðir úr dýraríkinu, ótaldar annars staðar; dauð dýr þeirra tegunda sem 1. og 3. kafli tekur til, óhæft til manneldis
14.02.00	Jurtaefni aðallega notuð sem tróð eða til bólstrunar, svo sem kapok, viðarhár, marhálmur, einnig sett á undirlag eða milli laga úr öðrum efnum
14.03.00	Jurtaefni aðallega notuð til burstagerðar, svo sem sópdúrur, píazzava, agavatrefjar, einnig í knippum eða hespum
14.05.00	Önnur efni úr jurtaríkinu, ótalin annars staðar
15.04.10	Olía unnin úr fisklifur
15.04.20	Önnur feiti og olía unnin úr fiski
15.04.30	Olía og feiti unnin úr sjávarspendýrum
15.05.00	Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (hér með talið lanólín)
15.06.00	Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti og úrgangsefnafefni)
15.12.09	Olíur úr dýraríkinu
16.03.00	Kjötextrakt og kjötseyði í fiskextrakt
20.02.01	Tómatpúré
21.03.00	Sinnepsmjöl og lagað sinnep
21.04	Kryddsósur og önnur tilreidd bragðbætiefni
21.05.29	Önnur jafnblönduð samsett matvæli
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru
22.08.00	Etanól (etylalkóhól) ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli; mengað etanól sérhvers styrkleika
23.01.10	Mjöl og duft úr kjöti eða sláturúrgangi, óhæft til manneldis; hamsar
23.01.20	Mjöl og duft úr fiski, krabbadýrum eða lindýrum, óhæft til manneldis
24.02.32	Neftóbak

AUGLÝSING

um samning við Noreg um loðnuveiðar.

Með orðsendingaskiptum 15. og 16. desember 1986 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar Norðmanna innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1987. Samkomulagið öðlaðist gildi til bráðabirgða 16. desember 1986.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. desember 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

a. Orðsending sendiherra Noregs til utanríkisráðherra.

Reykjavík, 15. desember 1986

Herr Utenriksminister.

Jeg har den ære á vise til drøftelser som har funnet sted de siste uker mellom representanter for våre to regjeringer om norsk interesse for å fiske lodde innenfor Islands fiskerigrense i januar/februar 1987. Drøftelesene har funnet sted på grunnlag av overenskomsten av 28. mai 1980 om fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål, især med henblikk på den endring av Norges loddekvote for sesongen 1986–1987 som, ifølge artikkel 4 i overenskomsten, skal gjøres som følge av økningen i den totalt tillatte fangst.

Jeg kan herved bekrefte at man under de nevnte drøftelser er blitt enig um følgende:

1. Norske fiskefartøyer gis tillatelse til å fiske inntil 60.000 tonn lodde innenfor Islands 200 n. mils fiskerigrense i tiden 1. januar til 15. februar 1987.
2. Skil tillatelse gis til fartøyer som det islandske fiskeridepartement godkjenner.
3. Det islandske fiskeridepartement skal fastsette regler om de norske fiskefartøyers meldeplikt innenfor Islands sone, herunder om daglig melding om fartøyenes posisjon og fangster.

Dersom Deres regjering er enig i ovenstående, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre an avtale mellom våre to regjeringer, som trer midlertidig i kraft ved datoen for Deres svarbrev og trer endelig i kraft når de to regjeringer har meddelt hverandre at deres konstitusjonelle krav er oppfylt.

Motta, Herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede høyaktelse.

Niels L. Dahl
Ambassadør

Hans Eksellense
Utenriksminister
Matthías Á. Mathiesen
Reykjavík

b. Svarorðsending utanríkisráðherra.

Reykjavík, 16. desember 1986

Herra sendiherra,

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar, dags. 15. þ.m., sem hljóðar svo:

„Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem fram hafa farið undanfarnar vikur milli fulltrúa ríkisstjórna okkar, um áhuga Norðmanna á því að veiða loðnu innan fiskveiðimarka Íslands í janúar–febrúar 1987. Viðræðunar fóru fram á grundvelli samkomulags frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem skv. 4. gr. samkomulagsins þarf að gera á hlutdeild Noregs í loðnuafla 1986–1987 vegna aukningar á leyfilegu aflamagni.

Ég get staðfest hér með eftirfarandi samkomulag sem náðist í viðræðunum:

1. Norskum veiðiskipum verður heimilað að veiða allt að 60.000 lestir loðnu innan 200 sjómílna fiskveiðimarka Íslands á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1987.
2. Heimild þessi er bundin við skip sem íslenska sjávarútvegsráðuneytið samþykkir.
3. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið mun setja reglur um tilkynningaskyldu norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu, þ.á m. um daglega staðsetningu skipa og afla þeirra.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu leyfi ég mér að leggja til að orðsending þessi og svar yðar myndi samning milli ríkisstjórna landanna sem taki gildi til bráðabirgða þann dag er svarbréf yðar er dagsett og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands er sammála ofangreindu og fellst á að orðsending yðar og svar þetta skodist sem samningur milli ríkisstjórnanna er tekur gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Matthías Á. Mathiesen

Hr. sendiherra
Niels L. Dahl
Norska sendiráðið
Reykjavík

AUGLÝSING

**um bókun vegna sáttmála milli Íslands og Danmerkur
um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar
í vörslur og umsjón Háskóla Íslands.**

Hinn 1. ágúst 1986 var undirrituð bókun Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands vegna framkvæmda á sáttmálanum frá 1. júlí 1965, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 24/1965, þar sem sáttmállinn er birtur, og nr. 10/1971. Bókunin öðlaðist gildi við undirritun.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. desember 1986.***Matthías Á. Mathiesen.***Ingvi S. Ingvarsson.*

Fylgiskjal.**BÓKUN****Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands.**

Ríkisstjórn konungsríkisins Danmerkur og ríkisstjórn lýðveldisins Íslands hafa orðið sammála um eftirfarandi atriði með tilliti til endanlegra framkvæmda á sáttmálanum frá 1. júlí 1965 milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands:

1. grein

Endanleg skipting handrita Stofnunar Árna Magnússonar samkvæmt 5. gr. sáttmálans frá 1. júlí 1965 milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands er gerð samkvæmt sameiginlegri tillögu danska kennslumálaráðherrans og íslenska menntamálaráðherrans frá 26. febrúar 1986, birtri í fylgiskjali með þessari bókun ásamt tilheyrandi samstarfssamningi, til danska forsætisráðherrans og samþykktri af honum 3. mars 1986.

2. grein

Aðiljar eru sammála um samkvæmt 6. gr. sáttmálans frá 1. júlí 1965 að viðurkenna að með þeirri skipan sem tilgreind er í 1. gr. sé fullkomlega og endanlega útkljáð um allar óskir af íslenskri hálfu varðandi afhendingu hvers konar íslenskra þjóðlegra minja sem í Danmörku eru.

3. grein

Þessi bókun, sem gerð er bæði á dönsku og íslensku, þannig að báðir textar skulu jafngildir, öðlast gildi frá þeim degi er hún er undirrituð.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúarnir undirritað þessa bókun á Pingvöllum hinn 1. ágúst 1986.

Fyrir hönd konungsríkisins
Danmerkur
Bertel Haarder

Fyrir hönd lýðveldisins
Íslands
Sverrir Hermannsson

ÞÝÐING

Sameiginleg tillaga íslenska menntamálaráðherrans og danska kennslumálaráðherrans til danska forsætisráðherrans um endanleg lok íslenska handritamálsins.

1. Samkvæmt lögum nr. 194 frá 26. maí 1965 um breytingu á stofnskrá Sjóðs Árna Magnússonar (Den arnamagnæanske Stiftelse) frá 18. janúar 1760, 3. gr. 1. málgr., er nefnd, sem skipuð er tveimur fulltrúum Kaupmannahafnarháskóla og tveimur tilnefndum af Háskóla Íslands, falið að fara yfir handrit og skjöl í eigu stofnunarinnar og gera tillögur um hver þeirra skuli afhent Háskóla Íslands samkvæmt 1. gr. laganna.

Samkvæmt 3. gr. laganna 2. málgr. ber nefndinni ennfremur að fara yfir handrit í eigu Konunglega bókasafnsins og gera tillögur um hver þeirra skuli afhent Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi samkvæmt 1. gr. laganna.

2. Með bréfi danska menntamálaráðuneytisins 13. september 1971 var skipuð nefnd sú sem tilgreind er í 3. gr. laganna — Skiptanefndin — en í henni áttu sæti:

Danskir fulltrúar:
Prófessor, dr. phil. Chr. Westergård-Nielsen
og orðabókarráttgjafi, háskólalektor, dr. phil. Ole Widding.

Íslenskir fulltrúar:
Prófessor, dr. phil. Jónas Kristjánsson
og rektor, prófessor, dr. jur. et phil. h.c. Magnús Már Lárusson.

3. Skiptanefndin tók til starfa í júlí 1972. Eftir að hún hafði haldið alls 42 fundi, venjulega til skiptis í Kaupmannahöfn og Reykjavík, hefur hún lagt fram 8 tillögur um afhendingu á handritum o.fl., sem fela í sér 10 skrár, af þeim 8 um handrit o. fl. í Safni Árna Magnússonar og 2 um handrit o. fl. í Konunglega bókasafninu.

Þessar 10 skrár hafa samkvæmt 3. gr. laganna 3. málsgr. verið samþykktar af danska forsætisráðherranum að undangengnum bréfaskiptum við danska kennslumálaráðherrann og íslenska menntamálaráðherrann.

Eftir 42. fund sinn 13.—17. september 1984 var niðurstaða Skiptanefndarinnar að þess væri enginn kostur að ná samkomulagi um skiptingu um það bil 200 handrita í Safni Árna Magnússonar, þar sem um þessi handrit höfðu tvö atkvæði verið með og tvö gegn afhendingu.

4. Vandkvæðin á því að ljúka málinu hafa kennslumálaráðherra Dana og menntamálaráðherra Íslands síðan rætt beint sín á milli.

Hinn 4. júlí 1985 lagði danski kennslumálaráðherrann fram ákveðna tillögu um lok handrita-málsins.

Tillöguna höfðu samið háskólalectör Iver Kjær, eför Árnastofnunar, og prófessor John Kousgård Sørensen, meðlimur Árnaneftndar, en þeir höfðu eftir tilmælum danska kennslumálaráðherrans og í samráði við formann Árnaneftndar, rektor Kaupmannahafnarháskóla, prófessor Ove Nathan, tekið að sér að semja tillögu til lausnar á málinu, sem skyldi reist á eftirfarandi forsendum:

Tillagan skyldi reist á grundvelli laganna,

hún skyldi svo sem auðið væri komast hjá því að véfengja mat sérfræðinga (Skiptanefndarinnar), sæmilegar líkur skyldu vera á því að hún yrði samþykkt í báðum löndum sem endanleg lok málsins.

Tillagan, sem fól í sér að afhent yrðu alls 55 handrit til viðbótar til Íslands, hlaut meðmæli Árnaneftndar, sem m.a. lagði áherslu á að, eins og málum væri nú komið, ætti einkum að styðjast við formleg rök og að frá því sjónarmiði þætti rétt að viðurkenna þær almennu forsendur og sérstöku röksemdir sem tillagan byggðist á.

5. Eftir að íslenski menntamálaráðherrann hafði íhugað tillöguna og rætt hana við íslenska sérfræðinga, héldu danski kennslumálaráðherrann og íslenski menntamálaráðherrann fund um málið 14. janúar 1986.

Niðurstaða þessa fundar var að lektor Iver Kjær og prófessor John Kousgård Sørensen ásamt íslenskum sérfræðingum skyldu reyna að komast að samkomulagi um skiptingu á þeim handritum Árnasafns sem í Skiptanefndinni hefðu hlotið tvö atkvæði með og tvö atkvæði gegn afhendingu.

Hinn 17. janúar 1986 tilkynnti íslenski menntamálaráðherrann að íslensku samningamennirnir yrðu prófessor Jónas Kristjánsson og dr. phil. Jakob Benediktsson með dr. phil. Ólaf Halldórsson sem sérfræðilegan ráðunaut.

Á fundi sínum 20. janúar 1986 samþykkti Árnaneftnd þessa skipan, svo og að lektor Kjær og prófessor Kousgård Sørensen tækju þátt í samningunum af danskri hálfu, en prófessor Jonna Louis-Jensen veitti þeim sérfræðilega aðstoð. Nefndin taldi rétt að leggja áherslu á að umræðurnar skyldu reistar á sömu þremur forsendum og lektor Kjær og prófessor Kousgård Sørensen höfðu miðað starf við.

6. Eftir nokkra fundi lögðu samningamennirnir fjórir 28. janúar 1986 fram hjálagða tillögu um endanleg lok handritamálsins.

Samkvæmt tillögunni skulu — auk þeirra handrita sem talin eru á 1.—10. afhendingarskrá — til viðbótar 84 nánar tiltekin handrit í Árnasafni afhent til Íslands.

Enn fremur lögðu samningamennirnir til við íslenska menntamálaráðherrann að handritinu AM 748 I, 4to, sem er á skrá nr. 3, skuli skipt í tvennt og bl. 1—6 skilað aftur til Danmerkur.

7. Fyrir hönd Árnaneftndar hefur formaður hennar skýrt danska kennslumálaráðuneytinu frá því að nefndin samþykki tillögu samningamannanna.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir leggjum við, menntamálaráðherra Íslands og kennslumálaráðherra Danmerkur, hér með til við forsætisráðherra Danmerkur að handritamálinu verði endanlega lokið með því

að — auk þeirra handrita sem talin eru á 1.—10. afhendingarskrá — skuli til viðbótar 84 handrit, sem talin eru á hjálagðri skrá,¹⁾ afhent til Íslands úr Safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn, og
að handritinu AM 748 I, 4to, sem er á skrá nr. 3, skuli skipt í tvennt og bl. 1—6 skilað aftur til Danmerkur.

Samtímis höfum við orðið sammála um samstarfssamning, sem fylgir hér með í afriti.

Kaupmannahöfn, 26. febrúar 1986.

Sverrir Hermannsson (sign.)
Menntamálaráðherra Íslands

Bertel Haarder (sign.)
Kennslumálaráðherra Danmerkur.

¹⁾ Ekki birt hér.

ÞÝÐING

Samstarfssamningur milli íslenska menntamálaráðherrans og danska kennslumálaráðherrans í tengslum við lok handritamálsins.

Í framhaldi af hjálagðri tillögu,¹⁾ sem hinir tveir íslensku og hinir tveir dönsku samningamenn lögðu fram 28. janúar 1986 um endanleg lok handritamálsins, hafa samningamennirnir fjórir í bréfi frá 28. janúar 1986, sem fylgir hér með í afriti,¹⁾ lagt til við íslenska menntamálaráðherrann og danska kennslumálaráðherrann að þeir sjái til þess

1) að öll íslensk handrit sem verða eftir í Safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn og úrval samsvarandi handrita í Konunglega bókasafninu, sem Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tiltekur, verði ljósmynduð til afnota fyrir Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi,

2) að þau handrit sem eftir verða í Kaupmannahöfn hljóti forvörslu og viðgerð eftir þörfum á sama hátt og þau handrit sem afhent eru til Íslands,

3) að styrkja getu stofnananna tveggja til þess að sinna rannsóknum á grundvelli safna norræna handrita í vörslu þeirra.

Framangreindar tillögur virðast eðlilegar og sanngjarnar, og við munum sjá um að þær verði framkvæmdar.

Með tilliti til **1. tillögunnar** skal tekið fram, að allan kostnað við ljósmyndun o.s.frv., að meðtöldum sendingarkostnaði greiðir íslenska ríkið.

Þar sem Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn verður að vinna þetta mikla og flókna verk samhliða öðrum verkefnum, verður að gera ráð fyrir að nokkur tími líði áður en hægt verði að ljúka verkinu.

Með tilliti til **2. tillögunnar** skal tekið fram, að forvarsla og viðgerð á þeim handritum sem afhent skulu til Íslands bindur verulegan hluta af starfsgetu Stofnunar Árna Magnússonar á þessu sviði, og því verður að gera ráð fyrir að forvarsla og viðgerð á þeim handritum sem eftir verða í Kaupmannahöfn geti ekki hafist að marki fyrir en lokið er vinnu við forvörslu og viðgerð „afhendingarhandritanna“.

Með tilliti til **3. tillögunnar** skal tekið fram, að við munum gera allt sem unnt er til þess að styrkja rannsóknir á norrænum handritum í Stofnunum Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Í því sambandi er lögð áhersla á nána og skipulagða samvinnu stofnanna tveggja.

Kaupmannahöfn, 26. febrúar 1986

Sverrir Hermannsson (sign.)
Menntamálaráðherra Íslands

Bertel Haarder (sign.)
Kennslumálaráðherra
Danmerkur

¹⁾ Ekki birt hér.

AUGLÝSING

um samninga Íslands við erlend ríki 31. desember 1986.

Skrá yfir samninga Íslands við erlend ríki sem taldir eru í gildi 31. desember 1986 er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Númer samninga og blaðsíðutal á við heildarútgáfu utanríkisráðuneytisins árið 1962 á samningum Íslands við erlend ríki (I. bindi: Alþjóðasamningar og samningar við fleiri ríki en eitt; II. bindi: Samningar við einstök ríki). Auk þess er vitnað í númer auglýsinga og blaðsíðutal í C-deild Stjórnartíðinda vegna samninga sem auglýstir hafa verið frá og með árinu 1962.

Auglýsingu þessari fylgir einnig skrá yfir heiti samninganna á ensku.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

Skrá um samninga Íslands við önnur ríki 31. desember 1986.

L

Alþjóðasamningar og samningar við fleiri ríki en eitt.

Nr.	Dagsetning		Bls.
1	16.4.1856	Yfirlýsing um nokkur undirstöðuatriði sjóhernaðar á stríðstímum	17
2	20.3.1883	Samningur um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar	17
3	14.3.1884	Samningur um vernd á hraðfréttapráðum, er lagðir eru neðansævar	37
4	1.12.1886 & 23.3.1887	Yfirlýsing	40
5	5.7.1890	Samningur um alþjóðastofnun til að gefa út tollalög	40
6	16.12.1949	Bókun	44
8	18.5.1904	Samkomulag um ráðstafanir til að koma í veg fyrir sonefnda hvíta þrælasölu	51
9	17.7.1905	Samningur um einkamálaréttarfarsákvæði	53
11	18.10.1907	Sáttmáli um friðsamlega lausn deilumála milli ríkja	65
12	18.10.1907	Sáttmáli um takmarkanir á valdbeitingu til að innheimta skuldir	79
13	18.10.1907	Sáttmáli um upphaf stríðs	81
14	18.10.1907	Sáttmáli um reglur og venjur stríðs á landi	82
15	18.10.1907	Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja og ríkisborgara þeirra í stríði á landi	92
16	18.10.1907	Sáttmáli um hverja deild skal gera kaupskipum óvina-ríkis er stríð hefst	96
17	18.10.1907	Sáttmáli varðandi breytingu á kaupskipum í herskip	98
18	18.10.1907	Sáttmáli um lagningu neðansjávar-dufla, er springa við árekstur	99
19	18.10.1907	Sáttmáli um stórskotaárás frá herskipum í stríði	102
20	18.10.1907	Sáttmáli um að nota reglur Genfar-sáttmálans í sjóhernaði	104
21	18.10.1907	Sáttmáli um vissar takmarkanir á framkvæmd hertöku-réttarins í sjóhernaði	109
22	18.10.1907	Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja, þegar stríð er háð til sjós	112
23	4.5.1910	Samkomulag um ráðstafanir gegn birtingu klámsmiða ...	116
24	4.5.1949	Bókun	118
25	23.1.1912	Samningur um ópíum	120
26	28.11.1919	Samþykkt Alþjóðavinnuárástafnunarinnar nr. 2 varðandi atvinnuleysi	126
27	11.11.1921	Samþykkt Alþjóðavinnuárástafnunarinnar nr. 15, um lágmarksaldur kyndara og kolamokara	130

Nr.	Dagsetning		Bls.
28	12.11.1921	Samþykkt Alþjóðavinnuárástofnunarinnar nr. 11, um félagafrelsi landbúnaðarfólks	133
29	1.12.1924	Samningur um aðstöðu sjómanna á kaupskipum til að fá læknishjálpi við kynsjúkdómum	136
19/1966	17.6.1925	Genfarsamningur um bann við notkun eitrefna, gass og sýkla í hernaði	139
30	28.1.1926	Samningur um haffæri skipa og skipsbúnað	137
31	11.6.1928	Breyting	140
32	24.4.1926	Alþjóðasamningur um bifreiðaumferð	141
33	2.6.1928	Alþjóðasáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum	153
34	27.8.1928	Sáttmáli um að fyrirdæma stríð til að skera úr deilum milli ríkja	160
35	12.10.1929	Samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa	161
36 & 9/1963	28.9.1955	Bókun	177 & 39
37	28.6.1930	Samþykkt Alþjóðavinnuárástofnunarinnar nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu	188
39	6.2.1931	Samningur Norðurlanda um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð; með loka-bókun	211
40	26.3.1953	Breyting	215
22/1969	3.11.1969	Breyting	87
26/1973 & 3/1974	20.11.1973	Breyting	225 & 20
43	1.4. til 6.5.1931	Samningur Norðurlanda um að eftirsenda eða áframsenda símskeyti án aukagjalds	219
44	16.3.1932	Samningur Norðurlanda um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra	219
45	7.11.1933	Samningur Norðurlanda um gjaldþrotaskipti	222
46	19.11.1934	Samningur Norðurlanda um erfðir og skipti á dánar-búum	225
13/1976	9.12.1975	Breytingar	71
47	24.10.1936	Samþykkt Alþjóðavinnuárástofnunarinnar nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936)	231
48	27.5.1938	Yfirlýsing Norðurlanda um samstæð hlutleysisákvæði ...	234
49	7.12.1944	Samþykkt um alþjóðaflugmál	238
50	14.6.1954	Bókun	260
18/1975 & 1/1981	16.10.1974	Bókun	234 & 1
8/1979	30.9.1977	Bókun um gildan texta samþykktarinnar á fjórum tungumálum*	24
8/1979	30.9.1977	Bókun*	28
51	7.12.1944	Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi flugfara	261

* Ekki enn í gildi.

Nr.	Dagsetning		Bls.
52	26.6.1945	Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða og samþykktir Milli- rikjadómstólsins	263
9/1965	17.12.1963	Breytingar	20
10/1966	20.12.1965	Breyting	85
7 &	20.12.1971	Breyting	143
22/1973			& 250
53	16.10.1945	Stofnskrá Matvæla- og landbúnaðarstofnunar hinna Sam- einuðu þjóða	316
5/1964	16.11.1945	Stofnskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.	13
54	27.12.1945	Samkomulag um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	326
1/1971	31.5.1968	Breyting	1
18/1978	30.4.1976	Önnur breyting	122
55	27.12.1945	Samkomulag um samþykktir Alþjóðabanka til endur- byggingar og nýbyggingar	352
56	13.2.1946	Samningur um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna	372
59	22.7.1946	Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar	389
13/1972	23.5.1967	Breytingar	73
& 13/1982			& 68
28/1975	22.5.1973	Breytingar	300
& 13/1982			& 68
60	9.10.1946	Gerð um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnu- málastofnunarinnar	401
61	25.6.1953	Breyting	430
2/1963	22.6.1962	Gerð um breytingar	3
21/1972	22.6.1972	Breyting	97
62	2.12.1946	Alþjóðasáttmáli um skipan hvalveiða	432
63	19.11.1956	Bókun	436
64		Fylgiskjal með alþjóðasáttmála um skipan hvalveiða, 1946, með breytingum, sem gerðar hafa verið til loka 13. fundar, London 1961	437
65	10.6.1947	Samningur um samræmda aðferð við skipamælingar	444
18/1967	21.5.1965	Breytingar	121
66	11.10.1947	Samningur um Alþjóðaveðurfræðistofnun	452
8/1968	30.10.1947	Híð almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT), ásamt Genfarbókun frá 30. júní 1967	19
7/1980	30.6.1979	Genfarbókunin 1979	19
67	6.3.1948	Samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina	461
20/1969	15.9.1964	Breytingar	83
20/1969	28.9.1965	Breytingar	83
10/1976	17.10.1974	Breytingar	35
& 3/1979			& 5
15/1980	14.11.1975	Breytingar	99
& 9/1982	/9.11.1977		& 60
15/1980	17.11.1977	Breytingar*	110
15/1980	15.11.1979	Breytingar*	119
5/1967	19.6.1948	Samningur um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum	23

* Ekki enn í gildi.

Nr.	Dagsetning		Bls.
70	9.7.1948	Samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess	499
71	17.9.1948	Samningur um radióþjónustu fyrir skip	504
72	9.12.1948	Sáttmáli um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hóp-morð	504
75	4.4.1949	Norður-Atlantshafssamningur	515
76	22.10.1951	Bókun varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands .	519
77	23.10.1954	Bókun um aðild Sambandslýðveldisins Þýskalands .	521
10/1982	10.12.1981	Viðbótarsamningur um aðild Spánar	60
79	5.5.1949	Stofnskrá Evrópuráðsins	529
80	22.5.1951	Breytingar	543
81	18.12.1951	Breyting	544
82	4.5.1953	Breyting	544
9/1971	14.10.1970	Breyting	136
16/1978	27.11.1978	Breyting	93
63/1952	18.6.1949	Samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn	134
86	1.7.1949	Samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega	553
16/1965	12.8.1949	Genfarsamningur um bætta meðferð særðra og sjúkra hermanna á vígvelli	33
16/1965	12.8.1949	Genfarsamningur um bætta meðferð særðra, sjúkra og skipreka sjóliða á hafi	33
16/1965	12.8.1949	Genfarsamningur um meðferð stríðsfanga	33
16/1965	12.8.1949	Genfarsamningur um vernd almennra borgara á stríðs-tímum	33
83	2.9.1949	Samningur um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins	545
84	6.11.1952	Bókun	549
85	15.12.1956	Bókun	551
8/1971	6.3.1959	Breyting	124
9/1983	19.9.1949	Samningur um umferð á vegum	112
87	18.10.1950	Samþykkt um fuglaverndun	556
88	4.11.1950	Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis	559
88	20.3.1952	Viðbótarsamningur	578
17/1967	6.5.1963	Viðbótarsamningur nr. 2, um rétt Mannréttindadóm-stóls Evrópu til álitserða	111
17/1967	6.5.1963	Viðbótarsamningur nr. 3, um breytingu á 29., 30. og 34. gr. sáttmálans	111
17/1967 & 7/1968	16.9.1963	Viðbótarsamningur nr. 4, um tiltekin mannréttindi og mannfrelsi, önnur en þau, sem greinir í sátt-málanum og fyrsta viðbótarsamningi við hann ..	111 & 18
17/1967	20.1.1966	Viðbótarsamningur nr. 5, um breytingar á 22. og 40. gr. sáttmálans	111
12/1984	28.9.1984	Viðurkenning á lögsögu Mannréttindadómstóls framlengd til 3. september 1989	56
2/1971	15.12.1950	Samningur um tollasamvinnuráð	90

Nr.	Dagsetning		Bls.
78	20.9.1951	Samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfsliðs þess	523
89	29.6.1951	Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf ..	581
90	28.7.1951	Samningur um réttarstöðu flóttamanna	586
5/1968	31.1.1967	Breytingar	9
91	18.1. til 25.7.1952	Samningur um fjarskipti milli Norðurlanda	616
92	29.2. til 18.7.1952	Samningur um talsímasamband milli Norðurlanda	616
93	17.5. til 10.12.1952	Starfsreglur Norðurlandaráðs	617
94	28.6.1952	Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis	618
97	28.8.1952	Bókun varðandi aðstöðu alþjóðlegra hernaðarbækistöðva, sem stofnað hefur verið til samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum	661
98	6.9.1952	Samningur um höfundarétt	666
10/1977	7.11.1952	Alþjóðasamningur um auðveldun innflutnings á vörusýnishornum og auglýsingaefni	54
99	31.3.1953	Samningur um pólitíska réttarstöðu kvenna	674
11/1964	11.12.1953	Samþykkt Evrópuríkja um framfærslu- og læknishjálp ásamt viðbótarsamningi	52
12/1964	11.12.1953	Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi	63
13/1964	11.12.1953	Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi	73
100	11.12.1953	Samningur Evrópuráðsríkja um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum	676
101	11.12.1953	Stofnskrá Evrópunefndar til varnar gin- og klaufaveiki	677
5/1966	11.12.1953	Samningur Evrópuríkja um formsatriði við umsóknir um einkaleyfi	10
4/1962	12.5.1954	Samningur um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu	2
6/1966	13.4.1962	Breytingar	18
17/1970	21.10.1969	Breytingar	17
& 23/1977			& 165
102	22.5.1954	Bókun um að teysa Norðurlandabúa undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu	684
103	19.12.1954	Menningarsáttmáli Evrópu	685
104	25.5.1955	Samkomulag um Alþjóða lánastofnun	687
106	5.8.1955	Gjaldeyrissamningur Evrópu	702
108	30.4.1956	Samningur um viðskiptaréttindi óreglubundinnar flugþjónustu í Evrópu	750
17/1965	7.9.1956	Samningur um afnám þrælshalds og þrælasölu	34

Nr.	Dagsetning		Bls.
109	25.9.1956	Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi	754
110	25.9.1956	Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og Færeyjum	762
111	26.10.1956	Stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar	763
11/1972	28.9.1970	Breyting	47
112	21.11.1956	Samningur um tæknilega aðstoð milli Íslands og Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra	777
7/1963	15.12.1956	Samningur Evrópuríkja um jafngildi námsdvalar í háskólum	17
113	19.12.1956	Norðurlandasamningur um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir	781
17/1977	20.2.1957	Samþykkt um ríkisfang giftra kvenna	103
114	25.6.1957	Samþykkt Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar nr. 105, um afnám nauðungarvinnu	784
19/1965	12.7.1957	Samningur Norðurlanda um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli landanna	46
19/1965	20.5.1963	Viðauki	54
9/1973	2.4.1973	Viðauki	149
9/1979	27.7.1979	Breytingar	30
16/1968	10.10.1957	Alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa, sem á sjó sigla	166
8/1984	13.12.1957	Evrópusamningur um framsal sakamanna	6
	15.10.1975	Viðbótarsamningur	19
	17.3.1978	Annar viðbótarsamningur	22
27/1970	13.5.1958	Samþykkt Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar nr. 108, um persónuskirteini sjómanna	10
14/1963	25.6.1958	Samþykkt Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar nr. 111, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa	61
9/1984	20.3.1959	Evrópusamningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum ..	29
	17.3.1978	Viðbótarsamningur	40
15/1966	20.4.1959	Samningur Evrópuríkja um afnám vegabréfsáritana fyrir flóttamenn	122
118	26.6.1959	Samningur um Evrópusamráð pósts og síma	828
120	30.11.1959/	Samningur um nýjan säsíma frá Skotlandi til Íslands og frá Íslandi til Kanada	831
	2.3.1960		
6/1963	14.12.1959	Samningur Evrópuríkja um viðurkenningu á háskóla-prófum	10
121	21.12.1959	Alþjóða-fjarskiptasamningur	832
7/1970	4.1.1960	Samningur um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA)	34
& 1/1986			& 1
23/1971	21.12.1972	Bókun varðandi úrsögn Danmerkur og Bretlands ..	235
7/1970	4.1.1960	Bókun varðandi Liechtenstein	124
	28.7.1960	Bókun um löghæfi, sérréttindi og friðhelgi Fríverslunarsamtaka Evrópu	114
	27.3.1961	Bókun varðandi Liechtenstein	136
	27.1.1970	Bókun um samkomulag varðandi aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA)	138

Nr.	Dagsetning		Bls.
20/1976	4.12.1969	Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 17/1969 um aðild Íslands	144
	6.11.1975	Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 8/1975 um breytingu á viðauka G	150
20/1976	6.11.1975	Samþykkt FINEFTA-ráðsins nr. 2/1975 um breytingu á viðauka G	150
17/1976	7.4.1976	Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 4/1976 um stofnun Iðn- þróunarsjóðs EFTA fyrir Portúgal	141 & 50
& 6/1977	16.12.1976	Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 15/1976 um breytingu á viðauka G	113 & 20
19/1977	16.12.1976	Samþykkt FINEFTA-ráðsins nr. 9/1976 um breytingu á viðauka G	113 & 20
& 6/1978	1.7.1982	Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 7/1982 um breytingu á viðauka G	80
19/1977	1.7.1982	Samþykkt FINEFTA-ráðsins nr. 3/1982 um breytingu á viðauka G	80
& 6/1978	22/1982	Samningur um Hina alþjóðlegu framfarastofnun	832
22/1982	26.1.1960	Breyting	235
	5.11.1971	Samningur Evrópuríkja um tímabundinn tollfrjásan innflutning lækningatækja o. fl.	1
1/1967	28.4.1960	Samningur um öryggi mannlífa á hafinu	15
8/1965	17.6.1960	Samningur um Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunina	862
124	14.12.1960	Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, 1961	70
22/1974	30.3.1961	Bókun um breytingar	115 & 225
& 16/1975	25.3.1972	Vínarsamningur um stjórn málasamband	176
14/1971	18.4.1961	Kjörfriðs bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar ..	196
	18.4.1961	Kjörfriðs bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála	198
24/1970	8.6.1961	Tollasamningur varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynningar eða notkunar á sýningum o.fl.	307
25/1970	8.6.1961	Tollasamningur varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum	322
3/1976	18.10.1961	Félagsmálasáttmáli Evrópu	2
23/1970	6.12.1961	Tollasamningur um A.T.A. ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir	269
1/1969	16.12.1961	Evrópusamningur um ferðalög æskufólks á sameiginlegum vegabréfum	1
7/1962	23.3.1962	Samstarfssamningur Norðurlanda	15
16/1971	13.2.1971	Breyting	201
17/1975	11.3.1974	Breyting	225
13/1983	15.6.1983	Breyting	149
16/1985	6.5.1985	Breyting	472
& 4/1986			& 12
1/1963	23.3.1962	Norðurlandasamningur um innheimtu meðlaga	1
	28.6.1962	Samþykkt Alþjóðavinnuáráðastofnunarinnar nr. 118, um félagslegt öryggi	

Nr.	Dagsetning		Bls.
18/1977	10.12.1962	Samningur um samþykki og lágmarksaldur til hjúskapar og um skráningu hjónabanda	108
8/1978	24.4.1963	Vínarsamningur um ræðissamband	23
	24.4.1963	Kjörfrjáls bókun varðandi ríkisborgararétt	60
	24.4.1963	Kjörfrjáls bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála	62
3/1964	5.8.1963	Samningur um bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjárvar	8
11/1970	14.9.1963	Samningur varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum	169
3/1965	18.6.1964	Samningur milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins um kjarnorkuupplýsingar	5
15/1975	22.7.1964	Samningur um lyfjaskrá Evrópu	220
2/1965	12.9.1964	Samningur um Alþjóðahafrannsóknaráðið	1
& 10/1968			& 148
26/1970	13.8.1970	Bókun	338
& 2/1976			& 1
13/1966	18.3.1965	Samningur um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja	92
2/1967	9.4.1965	Alþjóðasamningur um auðveldun flutninga á sjó	3
20/1972	26.4.1972	Breyting	95
7/1967	12.11.1965	Alþjóðafjarskiptasamningur	50
23/1965	19.10./30.11.1965	Samkomulag við Beneluxlöndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum, sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum	62
21/1965	3.12.1965	Samningur Norðurlanda um gegnumflutning manna, sem vísað hefur verið úr landi	56
& 8/1966			& 80
14/1968,	7.3.1966	Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis	154,
17/1969,			80,
20/1981			120
& 24/1982			& 95
19/1970	5.4.1966	Alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa	260
10/1979	19.12.1966	Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi	33
10/1979	19.12.1966	Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi	47
	19.12.1966	Valfrjáls bókun... ..	73
1/1968	27.1.1967	Samningur um rannsóknir og not ríkja af himingeimnum, tungli og stjörnum	1
6/1968	3.5.1967	Samningur um Alþjóðasjómælingastofnunina	13
& 16/1970			& 238
6/1969	1.6.1967	Samningur um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi	23
& 1/1977			& 1
11/1986	14.7.1986	Samningur um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar ..	179
17/1984	14.7.1967	Samningur um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar	74
21/1969	22.4.1968	Samningur um björgun geimfara, framsal geimfara og skil á hlutum, sem skotið hefur verið út í himingeiminn	84
16/1969	7.6.1968	Evrópusamningur um upplýsingar um erlenda löggjöf ...	73

Nr.	Dagsetning		Bls.
15/1969 & 5/1970 2&13/1969 B131/1970	1.7.1968 5.12.1968	Samningur um að dreifa ekki kjarnavopnum Norðurlandasamningur um almannaskráningu	65 & 30 7, 63 & 453
